

Sveitarfélagið Hornafjörður
Gunnlaugur Róbertsson
Hafnarbraut 27
780 Höfn í Hornafirði



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 1. mars 2017
UST201702-130/B.S.
09.07.01

Efni: Umsókn um framkvæmdaleyfi – Ósland. Umsögn


Vísað er til bréfs Sveitarfélagsins Hornafjarðar dags. 6. febrúar sl. þar sem óskað er leyfis Umhverfisstofnunar til framkvæmda innan fólkvangsins Óslands sbr. 7. gr. auglýsingar nr. 264/2011. Með erindi Hornafjarðarbæjar fylgja leyfi Umhverfisstofnunar til framkvæmda innan fólkvangsins dags. 11. janúar 2016 og 22. september 2015.


Nú er ráðgert að ráðast samtímis í báðar framkvæmdir nánast óbreyttar sem leyfi var veitt fyrir í ofangreindum bréfum.

Því telur Umhverfisstofnun ekki þörf á að gefa nýtt leyfi til framkvæmda innan fólkvangsins en bendir á nauðsyn þess að farið verði að settum skilyrðum við framkvæmdina og að þeim verði lokið fyrir varptíma vorið 2017.

Beðist er velvirðingar á því hversu dregist hefur að svara þessu erindi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri